

Árshátíð SHA 2019

Árshátíðin fer fram í Hátíðarsal Háskólans á Akureyri þann 16. mars næstkomandi.
Húsið opnar klukkan 17:00 með fordrykk, smáréttum og hópmyndatökum aðildarfélaga.

Miðaverð er 7.500 krónur fyrir meðlimi SHA og 9.500 krónur fyrir aðra.

Dagskrá kvöldsins verður með hefðbundnum hætti þar sem aðildarfélög SHA standa fyrir skemmtiatriðum og happdrættið vinsæla verður á sínum stað. Veislustjórn verður í höndum Péturs Finnbogasonar og Harðar Bjarkasonar en þeir kenna sig við Tjörnes. Þá mun hljómsveitin Bandmenn leika fyrir dansi langt fram á kvöld auk þess sem við bjóðum upp á veglegt leyniatriði.

MATSEÐILL KVÖLDSINS

Forréttahlaðborð

Rub23 sushi, lax í caribbean creola kryddi og sítrus-rósmarin olíu, cous-cous, tomatsalsa,
Vegan-salat með byggi, rauðrófum og graskersfræum. Brauð, hrært smjör og pestó.

Aðalréttir

Kryddjurtamarinerað hægeldað lambalæri, Kalkúnabringa eldað í salvíu og piparrjóma,
Hnetusteik. Bakað ferskt salat, steikt grænmeti, ristaðir kraftöfluteningar, bérnaisesósa og villisveppasósa.

Eftirréttir

Súkkukaka, hvít súkkulaðímús með hindberjum og popprokks,
Makkarónukökur og konfekt, ávaxtasalat með kókosrjóma.

Bar verður á staðnum og rútur munu ferja gesti í miðbæ Akureyrar, að dansleik loknum.

Tryggið ykkur miða snemma. Miðasala fer fram í skotinu fyrir framan mötuneytið á eftirfarandi tímum:

Miðvikudaginn 6. mars 11:00-13:30

Fimmtudaginn 7. mars 11:00-13:30

Föstudaginn 8. mars 11:00-13:30

Mánudaginn 11. mars 11:00-16:00

Fjarnemar geta pantað miða frá 6.-11. mars í gegn um netfangið sha@sha.is